

Dyr

Stend ég einsamall úti í kuldanum, og ber að dyrum

Dyrum fortíðar

Ég ber að dyrum í vonlausri tilraun til að endurheimta það sem áður var

Blóð mitt hefur dreifst yfir minningarnar,

Því ég bankaði svo fast að skrápur minn hafði ekki lengur við

Stend ég einsamall í þögninni, og ber að dyrum

Dyrum framtíðar

Ég ber að dyrum í vonlausri tilraun til að komast yfir hið liðna á örskotsstund

Hætti þegar ég finn húðina á hnúunum gefa eftir,

ég vil ekki að framtíðin verði líka blóði drifin

Stend ég einsamall í hópi fólks, og ber að dyrum

Dyrum nútíðar

Ég ber að dyrum í vonlausri tilraun um að vekja eftirtekt

Svo að einhver sjái eynd mína, sárin eru ófá

og blóðið er farið að storkna.